

Stjórnarfundur UMSE haldinn á Búgarði þriðjudaginn 15. maí 2012 klukkan 20:00

Mættir eru: Einar, Þorsteinn, Kristlaug, Edda Kamilla, Svanbjört, Óskar Þór, Þorgerður, Kristín
Boðuð forföll: Guðrún

Óskar Þór setti fund númer 709?

1. Styrkumsóknir

- a. Kristján Rögnvaldsson vegna kostnaðar við frjálsíþróttaiðkunar Samþykkt að styrkja hann um 15.000.- kr.
- b. Skíðafélag Dalvíkur vegna SKÍ þings Samþykkt að borga ferða- og gistikostnað vegna þingsins.
- c. Katrín Birna Vignisdóttir vegna FEIF Samþykkt að styrkja hana um 15.000.- kr.
- d. Unnar Már Sveinbjarnarson vegna HM unglunga í Alpagreinum Samþykkt að styrkja hann um 15.000.- kr.

2. Innsend bréf

- a. Bréf frá Blaksambandinu, gögn vegna blakþingsins sem var haldið laugardaginn seinasta, 12. maí en enginn fór.
- b. Bréf um frjálsíþróttaskóla UMFÍ, þeir sendu einnig plaköt um skólann sem að stjórn er beðin um að koma til skila í íþróttamiðstöðvar í kring.
- c. Bréf um vinnustaða keppnina „Hjólað í vinnuna“.
- d. Vorfundur UMFÍ sem haldinn var 5. maí sl.
- e. Bréf frá Héraðskjalasafninu á Akureyri þar sem sagt er frá að í tilefni 100 ára afmæli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur sambandið og Félag héraðskjalavarða á Íslandi ákveðið að ráðast í át í söfnun skjala íþróttafélaga og héraðssambanda um land allt.
- f. Bréf vegna Landsmóts UMFÍ sem haldið verður dagana 4. – 7. júlí 2013 á Selfossi.
- g. Bréf frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands þar sem beðið er um upplýsingar um það hvernig styrkjum úr Ferðasjóði Íþróttafélaga er ráðstafað.

3. Landsmót 50+

- a. Umsókn vegna Dalvíkur
 - i. Erindi símleiðis frá Kristjáni Ólafssyni formanni Umf. Svarfdæla þar sem leitast er til að UMSE sækji um Landsmót 50+ árið 2013
 - ii. Samþykkt að Þorsteinn fari í undirbúningsvinnu vegna umsóknar um Landsmót 50+ árið 2013 og 2014.
- b. Þátttökugjöld vegna mótsins í Mosfellsbæ í sumar
 - i. Fyrirspurn frá Kristjáni Ólafssyni vegna hestaíþróttamanns, hvort við myndum vilja borga þátttökugjöldin fyrir 50+.
 - ii. Samþykkt að greiða þátttökugjöld fyrir keppendur UMSE á Landsmót 50+ í sumar.

4. Nefndarskipan

Sent var út bréf til allra aðildarféлага um nefndarskipan.

- a. Frjálsíþróttanefnd
 - i. Starri Heiðmarsson/Sigríður Einarsdóttir
 - ii. Jónína Garðarsdóttir eða Sigrún Sverrisdóttir
 - iii. Guðrún Sigurðardóttir
 - iv. Þorgerður Guðmundsdóttir
 - v. Edda Björk Valgeirsdóttir

- b. 90. ára afmælisnefnd
 - i. Þorsteinn Marinósson
 - ii. Birgir Marniósósson
 - iii. Jóhanna Gunnlaugsdóttir
 - iv. Vilhjálmur Björnsson
 - v. Guðfinna Steingrímsdóttir

- c. Bridgenefnd
 - i. Búið að ræða við formann nefndarinnar. Hann hefur áhuga á að starfa áfram og ætlar að ræða við aðra nefndarmenn um áframhaldandi setu í nefndinni.

- d. Fræðslunefnd – starfsemi fræðslunefndar frestað þar til í haust.
 - i. Gestur Hauksson

- e. Unglingalandsmótsnefnd
 - i. Þorsteinn Marinósson
 - ii. Svanbjört Brynja Bjarkadóttir
 - iii. Árni Arnsteinsson
 - iv. Óskar Þór Vilhjálmsósson
 - v. Marinó Þorsteinsson

- f. Sundnefnd – fellur um sálft sig.
 - i. Engin svör borist

- g. Hestaíþróttanefnd
 - i. Sveinn Torfason
 - ii. Anna Guðrún Grétarsdóttir
 - iii. Anna Rappich

- h. Knattspyrnunefnd
 - i. Einar Hafliðason
 - ii. Jóhannes Gísli
 - iii. Tryggvi Guðmundsson

5. Frjálsíþróttir

- a. Frjálsíþróttanefnd hefur óskað eftir því að UMSE greiði fyrir séræfingar hjá Gísla Sigurðssyni í stangarstökki, þar til ákvörðun liggur fyrir um skipulag varðandi UFA. Hver æfing kostar 2500.- kr (máí 20.000 – 25.000). Stjórnin hafnaði þessari ósk einróma.

6. Önnur mál

- a. Blómasala
Þorsteinn er að vinna í þessu. Við fáum blómin í gegnum Býfluguna og Blómið og er verið að ganga frá þessu. Verð 955.- kr var 855.- kr vöndurinn sem að greitt er fyrir. Selja á vöndinn til félaganna á 1200.- kr.
- b. Heimasíðan. Óskar vill að hvert og eitt okkar taki tíma í að skoða heimasíðu UMSE og punkta hjá okkur það sem að betur megi fara.
- c. Vorfundur UMFÍ
Óskar og Þorsteinn fóru á vofund UMFÍ. Þar var verið að kynna Unglingalandsmótsvæðið. Þeir sátu á fyrirlestri sem heitir „Þjónandi forysta“ sem er hugmyndafræði um hvernig maður á að leiða fólk. Farið var í gegnum stefnumótunar vinnu UMFÍ. HSV var með kynningu á starfi sínu við Ísafjarðarbæ, þeir eru búnir að taka við öllum íþróttamálum yngsta stigsins í héraðinu – ef að aðildarfélag við gera eitthvað þá er haft samband við HSV og þeir ganga í málið. Íþróttastarf er sett inn í skólastarf, það er ekki sérhæfing, heldur eru krakkarnir skipta um íþróttir reglulega og kynnast þannig öllum íþróttum. Þorsteinn hvetur okkur til að kynna okkur starf HSV a hsv.is.
- d. Þorsteinn hafði samband við JAKO sem bauð okkur bol á 3200.- kr með UMSE logo, tveimur auglýsingum + númeri.
Samþykkt.
- e. Þorsteinn hélt fund með 90. ára afmælisnefnd UMSE í dag. Hann sagði aðeins frá því hvað farið hafði fram á fundinum.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 5. júní 2012 klukkan 20:00

Fundi slitið 22:16

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður